Ýmislegt var í deiglunni í útgáfumálum á aðventunni 1994. Bónus hóf að selja bækur í búðum sínum með 15% afslætti. *Fólk og firnindi* eftir Ómar Ragnarsson og *Sniglaveislan* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson seldust mest fyrir jólin. Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent eftir áramótin þeim Vigdísi Grímsdóttur fyrir *Grandaveg 7* og Silju Aðalsteinsdóttur fyrir *Skáldið sem sólin kyssti*. Íslensku tónlistarverðlaunin voru veitt í annað sinn eftir áramót og voru Jet Black Joe áberandi sem sigurvegarar. Þeir áttu lag ársins, „Higher and higher", voru valdir hljómsveit ársins og Páll Rósinkrans söngvari ársins. Söngkona ársins var Emilíana Torrini og var hún jafnframt valin bjartasta vonin ásamt Spoon. Hljómplata ársins var *Æ* með Unun. Allar tónlistarútgáfur á sýningunni eru nú aðgengilegar á Hljóðsafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN
2014

Samantekt: Ólafur J. Engilbertsson.
Heimildir: *Ritmennt* 1, 1996.
Morgunblaðið, 1. desember 1994.
Ljósmyndir: Grímur Bjarnason.

Á aðventu 1994



Sýning opnuð 1. desember 2014
í tilefni af 20 ára afmæli Þjóðarbókhlöðu



Aðdragandinn að byggingu Þjóðarbókhlöðu var allnokkur. Árið 1956 lagði Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi menntamálaráðherra, fram tillögu um samruna Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns og síðar byggingu þjóðarbókhlöðu sem rúma skyldi bæði söfnin. Næst gerðist það að Þjóðhátíðarnefnd skýrði frá því árið 1968 að þjóðbókasafnsbygging yrði höfuðminnismerki á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974, gjöf sem þjóðin færði sjálfri sér. Árið 1972 var arkitektunum Manfreð Vilhjálmssyni og Þorvaldi S. Þorvaldssyni falið að teikna Þjóðarbókhlöðuna. Skóflustunga að byggingunni var svo tekin 1978. Þorvaldur S. Þorvaldsson hætti störfum við hönnun hússins árið 1984 þegar hann tók við Borgarskipulagi, en Manfreð Vilhjálmsson lauk verkinu ásamt starfsfólki á teiknistofu sinni.

Húsið var í byggingu í sextán ár. Formaður byggingarnefndar frá 1970 var Finnborgi Guðmundsson þáverandi landsbókavörður, en aðrir í nefndinni voru Jóhannes Nordal, sem varð svo fyrsti formaður stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Sveinbjörn Björnsson háskólarektor, sem tók við af forvera sínum í embætti, Sigmundi Guðbjarnasyni, Árni Gunnarssson ráðuneytisstjóri og Egill Skúli Ingibergsson sem jafnframt var framkvæmdastjóri nefndarinnar síðustu árin og hafði tekið við af Herði Bjarnasyni. Einar Sigurðsson þáverandi háskólabókavörður, sat alla fundi nefndarinnar frá 1987. Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, fékk samþykkt lagafrumvarp árið 1985 um „þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu“ er fólst í sérstökum eignaskatti. Sá tekjustofn reyndist þó ekki öruggur. Ólafur G. Einarsson var menntamálaráðherra 1994 þegar Þjóðarbókhlaðan var vígð og hafði barist mjög fyrir að halda tekjustofni til byggingarinnar. Hagtak vann stærsta áfanga hússins seinustu árin og var Ólafur Guðnason, síðar hússtjóri, yfirverkstjóri. Alls komu 12 aðilar að hönnun hússins.

Það var eins stigs frost og gekk á með éljum þann 1. desember 1994, en sólin lét sjá sig inn á milli þegar gestir óku í hlað Þjóðarbókhlöðu. Opnunarhátíðina sóttu mörg hundruð manns, þeirra á meðal frú Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands sem opnaði hið safnið formlega, forseti Alþingis, ráðherrar, forseti Hæstaréttar, biskup Íslands og borgarstjórinn í Reykjavík, auk norrænna gesta, þjóðbókavarða Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Noregs og Svíþjóðar, stjórnar NORDINFO, norræns ráðs um rannsóknarbókasöfn og miðlun vísindalegra upplýsinga, og sendiherrar fjölmargra erlendra ríkja. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar safnsins, setti athöfnina kl. 13 og kynnti dagskrá hennar, sem hófst með ávarpi formanns byggingarnefndar, Finnboga Guðmundssonar. Þá flutti Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra ávarp og í lok máls síns fól ráðherra forráðamönnum hinnar nýju stofnunar húsið til umsjár og bað landsbókavörð, Einar Sigurðsson, að veita viðtöku lykilkorti að byggingunni. Eftir að formlegri dagskrá lauk var gestum sýnt húsið og bornar fram léttar veitingar.

